

**Nd.**

## **28. Framvarp**

til laga um skifting Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

1. gr.

Austur-Húnavatnssýsla og Vestur-Húnavatnssýsla skulu vera kjördæmi hvor út af fyrir sig og kjósa 1 þingmann hvor.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda næst þegar almennar kosningar til Alþingis fara fram.

### **Astæður.**

Eins og kunnugt er, er nú flestum þeim sýslum landsins, sem nú er fjárhagslega skift í 2 sýslufjelög, einnig skift í 2 kjördæmi. Eru þannig ekki eftir nema Húnavatnssýslur og Gullbringu- og Kjósarsýsla sem tvímenningskjördæmi.

Það leiðir af sjálfu sjer, að þegar sýslum er fjárhagslega skift, þá verða áhugamálin einatt alt önnur eða ólík í hvorum hlutanum. Þá vill hvor um sig búa og hlúa sem mest að sinu og í öllu vera einn um sin mál.

Hvað það snertir, að kjördæmaskiftingarmálið alt liggir nú fyrir dyrum, þar sem stjórninni hefir verið falið að undirbúa það og leggja fyrir Alþingi, þá sýnist þó heldur ekki frá því sjónarmiði neitt vera þessu til fyrirstöðu. Því að þótt tillögur stjórnarinnar um kjördæmaskiftingarmálið á sínum tíma gengju í þá

átt, að stækka kjördæmin og viðhafa blutfallskosningar, og þótt þær yrðu samþyktar af Alþingi, þá raskar það ekki meira í þessum kjördæmum en öðrum einmenningskjördæmum. Kostnaður frá hálfu rikissjóðs er hjer enginn; ekkert annað en sjálfsögð tillátsemi við kjósendur.